

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir Tunguskeið, Birkilundur – Furulundur, Ísafirði.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 11. apríl 2006 var samþykkt breyting á deiliskipulagi fyrir Tunguskeið, Birkilundur – Furulundur, Ísafirði.

Breytingin felur í sér minni lóðir og þeim fjölgar, en fjöldi íbúða verður samt óbreyttur. Lega gatna breytist nokkuð.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag frá 29. janúar 1998.

Ísafirði, 30. júní 2006.

Jóhann B. Helgason, sviðsstjóri umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2006